

Mál nr. 297/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. september 2022.
2. Bréf V2, dags. 26. september 2022.
3. Bréf V1, dags. 4. október 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Bíldshöfða og Breiðhöfða þann 30. ágúst 2022 milli bifreiðanna A, sem M ók og er vátryggð hjá V1 og B sem er vátryggð hjá V2. Einu gögnin sem fylgja málskoti þessu er vefslóð þar sem finna má myndbandsupptöku af árekstri bifreiðanna. Á myndbandsupptökunni sést að bifreiðinni A var ekið norður Breiðhöfða yfir gatnamót við Bíldshöfða með fyrirhugaða akstursstefnu áfram norður Breiðhöfða. Bifreiðinni B var ekið suður Breiðhöfða með fyrirhugaða vinstri beygju austur Bíldshöfða. Bifreiðinni B var ekið inn á gatnamótin er grænt ljós logaði í akstursstefnu bifreiðarinnar en vegna umferðar sem kom á móti stöðvaði bifreiðin inn á miðjum gatnamótum og beið færis á að aka inn Bíldshöfða. Er gult ljós logaði fyrir umferð frá Breiðhöfða var bifreiðinni A ekið inn á gatnamótin á sama tíma og bifreiðinni B var beygt inn Bíldshöfða.

Ágreiningur er um sakarskiptingu og telur M að hann ætti ekki að vera dæmdur í órétti þar sem bifreiðinni B var ekið í veg fyrir bifreiðina A. Bifreiðinni A hafi ekki verið ekið yfir á rauðu ljósi. Telur M að hann hefði aldrei getað stöðvað bifreiðina á þessum stutta tíma og það hefði skapað hættu sbr. það sem fram kemur í lögum um að stöðva eigi á gulu ljósi nema það skapi hættu. Einnig hafi ökumaður B séð A koma.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu.

V2 telur að leggja beri alla sök á ökumann A fyrir að aka yfir gatnamót á gulu ljósi sbr. 34. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995.

Álit.

Óumdeilt er að ökumaður A ók inn á gatnamótin gegn gulu ljósi enda liggur myndbandsupptaka fyrir þar sem staða umferðarljósa í aðdraganda áreksturs sést vel. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 merkir gult umferðarljós eitt og sér að numið skuli staðar. Það gefur til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós en hefur að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Ökumaður skal þó ekki nema staðar ef hann, þegar skipt er úr grænu ljósi í gult, er kominn það nálægt umferðarljósi að stöðvun mun hafa í för með sér hættu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra. Af fyrrgreindri myndbandsupptöku verður ekki séð að stöðvun ökumanns A hefði í för með sér hættu og bar honum því að nema staðar á gulu ljósi. Með vísan til þessa ber ökumaður A alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir